

Reykjavík 21. ágúst 2018

Þjálfaranámskeið FSÍ Sérgreinahluti 1A

Helgina 8. - 9. september 2018 verður haldið þjálfaranámskeið FSÍ sérgreinahluti 1A á höfuðborgarsvæðinu. Námskeiðið er 20 kennslustundir, bæði bóklegir og verklegir hlutar, og ætlað þeim þjálfurum sem eru að hefja þjálfaramenntun sína í fimleikum.

Áhersla er lögð á hlutverk þjálfarans, virkni í þjálfun, öryggisþætti, upphitun, leiki og grunnæfingar byrjenda í fimleikum.

Skyldumæting er í alla hluta námskeiðsins. Í verklegum tímum skulu þátttakendur klæðast viðeigandi íþróttafatnaði.

Skráning fer fram í þjónustugátt FSÍ fyrir mánudaginn 3. september, skráning lokast 23:59 þann dag. Við seinskráningu greiðist eitt og hálf námskeiðsgjald.

Lágmarksfjöldi á námskeiðið er 15 manns. Fari fjöldi þátttakenda yfir 35 manns skiptist hópurinn á tvær helgar í verklega hluta. Seinni hópurinn tekur þá verklega hluta helgina 22.-23. september.

Námskeiðsgjald er 15.000 kr.

Fyrir hönd fræðslunefndar FSÍ,
Helga Svana Ólafsdóttir,
fræðslustjóri.

